

FORSÆTISNEFND 12. JÚNÍ 2026: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um endurskoðun siðareglna kjörinna fulltrúa - MSS26060081

Sósíalistaflokkur Íslands leggur til að siðareglur kjörinna fulltrúa verði endurskoðaðar til að skapa skýrari siðferðislegan ramma í kringum störf kjörinna fulltrúa

Greinargerð

Gildandi siðareglur kjörinna fulltrúa í Reykjavík koma ekki inn á mikilvæg atriði sem almennt er greint frá í siðareglum m.a. um að ekki misnota almannafé, afstöðu til gjafa, gæta hagsmunaárekstra og að misnota ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna.

Fyrrum siðareglur kjörinna fulltrúa sem voru í gildi til 18. júní 2019 komu inn á þessi mikilvægu atriði og auðveldast væri að taka þær aftur upp. Með endurskoðun væri hægt að leggja fram þær reglur til samþykktar.

Jafnframt væri gott fordæmi að bæta við í siðareglur kjörinna fulltrúa eftirfarandi liðum til viðbótar, sem eru í siðareglum starfsfólks Reykjavíkur.

10. Gæta þess að mismuna ekki borgurum á grundvelli stjórnmálaskoðana, þjóðernis, trúarbragða, kynþáttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar, fötlunar eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti.

11. Sýna ekki af sér hegðun sem fallið getur undir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi

14. Upplýsa um spillingu, ólögmæta eða ámælisverða háttsemi, sem það kann að verða vart við í störfum sínum.